

Nd.

**340. Frumvarp til laga**

[36. mál]

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. marz.)

**1. gr.**

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

**2. gr.**

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

**3. gr.**

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

**4. gr.**

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistökuþegi laga þessara, þar til nýir heildarsamningar hafa verið gerðir við ríkisstarfsmenn eða kjaradómur hefur fellt nýjan úrskurð um launakjör þeirra eftir árslok 1965.

Nú fellir kjaradómur úrskurð samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og skulu þá kjör verkfræðinga samkvæmt gerðardómi, dags. 28. okt. 1963, breytast til samræmis við úrskurð kjaradóms um kjör hliðstæðra ríkisstarfsmanna.

**5. gr.**

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

**6. gr.**

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarkspóknun fyrir verkfræðistörf.